



Alþingi
Erindi nr. P 139/2472
komudagur 17.5.2011

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. maí 2011
Tilvísun: 201105-0017

Efni: Frumvarp til laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, 741 mál.

Sjómannasamband Íslands og Landssamband íslenska útvegsmanna gerðu breytingar á kjarasamningum sínum á árinu 2008 til þess að mæta þeim breytingum sem nú stendur til að gera á lögum 24/1986. Alþýðusamband Íslands gerir ekki því efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt

Magnús M. Norðdahl hrl.
Lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Skjalriti • Netfang
Linn 555 55 00 • Fax 555 55 00
althingi.is • althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 139/2568
komudagur 20.5.2011

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is


Hafnarfjörður, 20.05.2011
Tilv. 0011/2011 - 0.2.1

Við er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 12. maí 2011, þar sem Fiskistofu er sent til umsagnar frumvarp til laga um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 741. mál.

Fiskistofa þakkar Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis fyrir að hafa fengið ofangreint frumvarp sent til umsagnar og gerir engar athugasemdir við efni frumvarpsins.

F. h. Fiskistofu


Eyþór Björnsson



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. P 139/2453
komudagur 17.S. 2011


Reykjavík, 16.05.2011
Tilv. 90.13
JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, 741. mál, 139. löggjafarþing 2010-2011

Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dagsett 13. maí 2011 með beiðni um umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um ofangreint frumvarp til laga.

Engar athugasemdir eru gerðar við framlagt frumvarp.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is

Alþingi
Erindi nr. P 139/2722
komudagur 24.5.2011

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

23. maí 2011

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda v. frumvarp til laga
Um breyting á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslu-
miðlun innan sjávarútvegsins

Landssamband smábátæigenda gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

A.

Fyrirsögn nýs kafla laganna verði: Framlag til Landssambands smábátæigenda í stað „Framlag til útgerðarmanna“.

B.

Greiðsluskylda og upphæð verði óbreytt, en í stað greiðslu inn á reikning hagsmunasamtaka útvegsmanna yrði greitt inn á reikning Landssambands smábátæigenda.

C.

Í greininni verði kveðið á um að útgerðaraðila væri frjálst að óska eftir að greiðsla færi til annarra hagsmunasamtaka en LS. Frá því slík beiðni kæmi til LS væri félaginu skylt að verða við henni eigi síðar en í upphafi annars mánaðar frá því hún bærisk.

D.

Í stað gildistöku 1. janúar 2012 komi 1. september 2012.

Greinargerð.

Inngangur

Greinargerð LS verður afar ítarleg sem helgast af því að lögin hafa verið ákveðið akkeri í að tryggja rekstur félagsins. Landssambandinu er því mjög í mun að afnám II. kafla þeirra verði vandlega íhuguð af háttvirtri nefnd. Með greinargerð LS leggur félagið sitt lóð á vogarskálarnar um að nefndin fái allar þær upplýsingar sem tengjast frumvarpinu og félaginu sjálfu sem hér á mesta hagsmuni að gæta.

Með lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins var tryggt að LS gæti rækt þau hlutverk sem stjórnvöld ætluðust til af félaginu er varðar samskipti um þætti sem lúta að stjórnun fiskveiða og öryggis- og tryggingamálum smábátæigenda. Til mikils var að vinna fyrir stjórnvöld þar sem LS var ætlað að verða málsvari þeirra aðila sem stóðu utan stjórnkerfis fiskveiða og höfðu ekki með sér neinn sameiginlegan félagsskap. Með tryggum tekjustofni sem ákveðinn var af stjórnvöldum og samþykktur á Alþingi var fjárhagslegt öryggi LS

tryggt og þar með til framtíðar að rækja þau hlutverk sem stjórnvöld hafa ætlað félaginu bæði formlega og óformlega.

Hér verður ekki á nokkurn hátt reynt að sundurgreina með mikilli nákvæmni hvernig LS hefur ráðstafað því fé sem komið hefur frá félagsmönnum gegnum tíðina með tilliti til hversu hátt hlutfall hefur farið í að sinna lögformlegum skyldum félagsins gagnvart stjórnvöldum, né að leggja mat á nauðsyn þeirra þátta sem óformlegir eru hvað varðar heildarhagsmuni þjóðarinnar m.a. með styrkingu hinna dreifðu byggða vegna sterkrar smábátaútgerðar.

Samþykkt aðalfunda LS

Frá árinu 2008 hafa aðalfundir LS ályktað í þá veru að breyta eigi lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun sjávarútvegsins á þann hátt að fella burt töluliði 1 og 2 í 8. gr.

1. Til lífeyrissjóða sjómanna

„1. Til lífeyrissjóða sjómanna“.

Þegar þv. sjávarútvegsráðherra mælti fyrir frumvarpi um greiðslumiðlun sagði hann eftirfarandi um þennan þátt:

„Þessi greiðsla er nálægt fullu lífeyrslögjaldi af aflahlut fyrir bæði útgerð og sjómenn. Með þessu ætti að vera tryggð myndun lífeyrisréttinda smábátamanna, en hætt er við að á því hafi verið misbrestur til þessa.“

Á þeim 25 árum sem liðin eru frá lagasetningunni hafa breytingar á lögum, hugsunarhætti og almennu viðhorfi til réttinda breyst á þann veg að skylt er samkvæmt lögum að greiða í lífeyrissjóð af öllum launum. Lífeyrissjóðir hafa í samvinnu við RSK tryggt öryggi á ársgrundvelli að þessu sé fylgt. Þá senda útgerðir mánaðarlega skilagrein til lífeyrissjóða um laun hvers aðila ásamt greiðslu sem ber að inna af hendi. Þannig er komið fullt öryggi á ferlið og því óþarft að miðla fjármunum með þeim hætti sem kveður á um í lögum um greiðslumiðlun. Full þörf var á þessu ákvæði og lét LS ekkert tækifæri ónotað til að upplýsa félagsmenn sína um gildi þess að kaupa sér tryggingu sem kæmi til útborgunar eftir starfslok.

Til greiðslu iðgjalda

„2. Til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, sams konar þeim sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal vegna grásleppuveiða, svo og af vátryggingu báts, og eiga þessi ákvæði við allar veiðar smábáta, einnig við grásleppuveiðar, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur“

Við framlagningu frumvarpsins sagði sjávarútvegsráðherra eftirfarandi um þennan lið:

„Þá er iagt til að 47% af greiðslufénu renni til greiðslu tryggingariðgjalda. Með þessu yrði tekin upp svipuð tilhögun varðandi tryggingar áhafna allra smábáta og nú gildir um

grásleppuveiðar einar. Dæmin sanna að oft er á því misbrestur að smábátamenn séu tryggðir og virðist full þörf á því að tryggja með lögum að á því verði ráðin bót. Þá er gert ráð fyrir þeim möguleika að vátryggingar bátanna sjálfra komi undir þessa innheimtu.“

Landssamband smábátaeigenda hefur frá upphafi greiðslumiðunarlaganna haft umsjón með þessum þætti greiðslumiðlunar smábáta - hér eftir nefnt tryggingareikningur.

2. Tryggingareikningur

1. Miðlun á fé sem safnast vegna tryggingamála

Í samvinnu við sjávarútvegsráðuneytið voru vinnubrögð við umsjón tryggingareiknings þróuð. Tryggingafélög sendu LS kröfur um slysatryggingu útgerðarmanns og skipverja og vátryggingu báts. Greiðslur frá LS eru inntar af hendi fjórum sinnum á ári og þar sem greiðsla slysatrygginga hefur forgang. Við hverja greiðslu til tryggingafélags er greidd öll inneign viðkomandi smábátaeiganda á tryggingareikningi, svo framfarlega sem sú upphæð er ekki hærri en skuld viðkomandi við tryggingafélagið.

Fyrstu misseri greiðslumiðlunar gætti töluverðrar tortryggni hjá tryggingafélagunum til hins nýstofnaða landssambands. Iðgjaldalistar frá þeim voru ófullkomnir og reyndist erfitt að vinna úr þeim. Byggt var á því kennitölum, nafnúmerum viðkomandi tryggingahafa, en listi sá sem LS fékk frá Fiskveiðasjóði veitti aðeins upplýsingar um nafn báts, skipaskrárnúmer, einkennisstafi og samanlagða fjárhæð hvers mánaðar sem haldið hafði verið eftir vegna greiðslumiðlunar. Töluverðan tíma tók að samræma þessa hluti og skrá rétta eigendur að bátunum, heimilisföng þeirra og nafnúmer, auk bankareikninga sem hægt væri að leggja inn á þegar inneign á tryggingareikningi var umfram iðgjaldakröfur. Frá þessum tíma er undirrituðum t.d. minnisstætt að upplýsingar sem hann vann úr skipaskrá Siglingastofnunar stönguðust á við lista frá tryggingafélögum. Við eftirgrennslan kom í ljós að skipaskrá var einungis uppfærð einu sinni á ári!

Endurgreiðslur voru fyrst í stað með þrennum hætti:

- ⊕ heimsendar ávísanir
- ⊕ greitt með ávísun á skrifstofu LS
- ⊕ innlagnir á bankareikning viðkomandi

Í samráði við sjávarútvegsráðuneytið var ekki endurgreitt til eigenda fyrr en tryggingar voru að fullu greiddar. Til að fá slíkt staðfest var bátseiganda, á fyrstu árum greiðslumiðlunar, gert skylt að senda kvittun um uppgerð iðgjöld eða þá að tryggingafélag viðkomandi staðfesti uppgjör.

Í mörgum tilfellum bárust hins vegar engar kröfur frá tryggingafélagi. Þá var sú regla viðhöfð að reyna að ganga úr skugga um að tryggingakrafa væri ekki á leiðinni eða að viðkomandi óskaði alls ekki eftir neinni tryggingu.

Í samráði við sjávarútvegsráðuneytið var hafður uppi áróður við aðila sem höfðu engar tryggingar, þeir hvattir til að taka sér tryggingu og þá gjarnan bent á að það væri eitt af hlutverkum greiðslumiðlunarinnar að miðla því fé sem þar safnaðist til greiðslu slysa- og líftrygginga og vátryggingaiðgjalda.

Því sem hér hefur verið lýst er meðal þeirra þátta sem sýndu að umfang greiðslumiðlunarinnar var mun meira heldur en færsla milli reikninga. Ráðinn var

starfsmaður til að sinna þessum þætti. Starfsþjálfun kostaði sinn tíma, auk þess sem umfang jókst. Má þar nefna samning við Tryggingamiðstöðina hf þar sem ákvæði var um að sérhver aðili sem réri til veiða í atvinnuskyni skyldi vera sjálfkrafa slysa- og líftryggður. Í því skyni var haldið eftir 5.000 eða 10.000 krónum á tryggingareikningi viðkomandi ef hann var ekki með slysatryggingu. Þeim upphæðum var svo miðlað til tryggingafélagsins í samráði við eiganda eða til hans ef viðkomandi vildi ekki falla undir samning LS og TM.

Mikillar varkárni var þörf um utanumhald á þessum samskiptum öllum, sem ekki gengu átakalaust fyrir sig. Til að mynda höfðaði einn félagsmaður skaðabótamál á hendur LS varðandi bætur sem hann taldi sig eiga rétt á samkvæmt samningi LS og TM. Málið fór fyrir Hæstarétt sem dæmði LS ekki vera bótaskyldt í málinu.

Dómurinn: <http://www.haestirettur.is/domar?nr=685&leit=t>

Endurgreiðslur - samskipti við félagsmenn

Árlega sendir LS öllum félagsmönnum yfirlit yfir greiðslumiðlunina. Auk þess sendir Fiskveiðasjóður og frá 1998 Sparisjóður vélstjóra yfirlit. Með yfirliti frá LS var um tíma einnig sent bréf þar sem greiðslumiðlunin var útskýrð og þar jafnt sem á yfirliti voru menn hvattir til að hafa samband við skrifstofuna ef inneign væri á tryggingareikningi.

Þannig fengust nánari upplýsingar um viðkomandi svo sem bankanúmer, hvort hann væri eini eigandi bátsins, hvort hann hafi átt bátinn allt árið. Auk þessa var stöðugt rekinn áróður fyrir mikilvægi slysatrygginga og skyldum viðkomandi sem útgerðarmanns gagnvart slysatryggingu skipverja.

Í símtölum blönduðust fleiri mál inn í, t.d. sem tengja má lífeyrissjóðsgreiðslum. Það er hvort viðkomandi var búinn að fylla út skilagrein, ef ekki, var slíkt gert fyrir hann. Með skilagrein færðist greiðsla sem var eyrnamerkt bátnum inn á áhöfn hans til réttinda í sjóðnum. Hafa þessi nánu samskipti reynst mjög vel og átt sinn þátt í að auka á öryggi endurgreiðslna þannig að þær fari til réttra aðila.

Ekki var það svo að allir svöruðu kalli þegar yfirlit voru send út, þrátt fyrir ítrekanir á útsendingu yfirlita. Strax var mörkuð sú stefna að forsenda fyrir útgreiðslu inneigna væri að viðkomandi mundi gera vart við sig. Ástæður þess voru margar svo sem:

1. Sami bátur getur gengið kaupum og sölum á sama ári.
2. Tryggingakröfur á mismunandi kennitölum.
3. Oft á tíðum erfitt að lesa úr yfirliti frá greiðslumiðlun.
4. Eigendur stoppa greiðslur til tryggingafélaga með ýmsum skýringum.
5. Eigendur skipta um tryggingafélag, jafnvel án þess að ganga frá eftir sig hjá því fyrra.
6. Margir eigendur að bátnum.
7. Mismunandi kennitölur í gangi í kerfinu.
8. Rekstraraðili annar en eigandi.
9. Tilkynning um eigendaskipti berast oft seint. Margar ástæður.
Afsal ekki gefið út fyrr en að uppfylltum kröfum.
Afsal „strandar“ hjá sýslumanni.
Stundum getur liðið upp undir ár þar til eigendaskipti hafa gegnið í gegnum kerfið og enginn tilkynnir breytingar til LS.

Á sl áratug hefur með betra upplýsingastreymi og leit verið hægt að sníða þessa annmarka af. Allt hefur komist til skila á rétta reikninga.

II. Það sem áunnist hefur

Frá upphafi lagði sjávarútvegsráðuneytið áherslu á að með greiðslumiðluninni væri verið að tryggja að allir smábátaeigendur væru slysa- og líftryggðir við störf sín á sjó. Þar sem löggin kváðu ekki skýrt á um slíkt hafði LS frumkvæði að því að leita samninga um það hjá tryggingafélögunum.

23. október 1986 var undirritaður samningur um þetta efni við Samvinnutryggingar og á hverju ári frá og með 1987 til og með 1993 við Tryggingamiðstöðina eða í alls 7 ár. Jafnframt var rekinn stöðugur áróður við félagsmenn að fara ekki á sjó öðruvísi en vera að fullu tryggðir ásamt bát og búnaði, með athugasemdalaust haffærisskírteini og áhöfn með þau réttindi sem lög kváðu á um.

Þegar undirritaður hóf störf hjá LS áttaði hann sig á að trillukarlar vildu ráða því sjálfir hvort þeir væru tryggðir eður ei. Það heyrði nánast til undantekninga ef einhver hafði keypt sér slysatryggingu, þá voru tryggingar opinna báta einnig í miklum ólestri. Þilfarsbáta var hins vegar skylt að tryggja.

Í dag er svo komið málum að allir smábátaeigendur eru slysa- og líftryggðir. Bátur með veiðileyfi í atvinnuskyni fær ekki útgefið haffærisskírteini nema fyrir liggja staðfesting frá tryggingafélagi um að áhöfn hans sé slysa- og líftryggð. Ekki síst er greiðslumiðluninni að þakka um að staðfestingar frá tryggingafélögum hafa gengið snurðulaust fyrir sig, þar sem þau geta ábyrgst greiðslu á tryggingum gegnum greiðslumiðlunarkerfið.

Frá 1. nóvember sl. tóku gildi lög sem skylda lögskráningu á öll skip og er þannig enn ítrekuð skylda útgerðar að áhafnir séu að fullu slysa- og líftryggðar. Ákvæði eru í lögum um ríkisábyrgð á líf- og slysatryggingu skipverja vanræki útgerðarmaður skyldu sína til skipverja, sbr. lokamálslið 5. gr. L. 35/2010:

„Reynist útgerðarmaður eigi fær um greiðslu slíkra bóta ber ríkissjóður fulla ábyrgð á greiðslum þeirra.“

Annað dæmi um hvað áunnist hefur með tryggingahluta greiðslumiðlunar snýr beint að rekstri útgerðanna. 1997 náðist samkomulag milli sænsks tryggingafélags og LS um tryggingar á smábátum. Samstarf sem endaði með samningi um tryggingar var tilkomið vegna mikillar hækkunar iðgjalda hjá íslensku tryggingafélögunum. Í kjölfar samningsins lækkuðu tryggingaiðgjöld um tugi prósent og sparaði félögum í LS milljónir á ársgrundvelli sem safnaðist til hundruða milljóna á nokkrum árum. Forsenda þessa samnings var að greiðslur iðgjalda væru tryggðar í gegnum LS. Því fullnægði tryggingahluti greiðslumiðlunarinnar. Þess má geta að Tryggingamiðstöðin hf gerði athugasemd til Umboðsmanns Alþingis um afskipti LS að þessum málum. Sjá nánar í hjálögðu bréfi.

LS leggur áherslu á að varfærni verði gætt við afnám þessa liðar – sem varðar öryggi í tryggingamálum smábátaeigenda - þannig að ekkert tómarúm myndist í þeim mikilvæga þætti sem honum var ætlað að sinna og náði að gera.

3. Til Landssambands smábátaelgenda.

„3. Til Landssambands smábátaelgenda, þar með vegna grásleppuvelða“

Við framlagningu frumvarpsins sagði sjávarútvegsráðherra eftirfarandi um þennan lið:

„Loks er 3% greiðslumiðlunarfé smábáta ætlað að renna til hins nýstofnaða Landssambands smábátaeigenda. Væri félaginu þar með tryggt starfsfé á hliðstæðan hátt og gert hefur verið varðandi önnur samtök sjómanna.“

og síðar í umræðunni um þetta:

„Landssamband smábátaeigenda var stofnað í desember s.l. og það hefur sýnt sig að víðtæk samstaða er innan samtakanna þó að þau séu ekki komin enn á fullt skrið, m.a. vegna þess að þau hafa ekki enn þá fengið það fjármagn sem þau þurfa til starfsemi sinnar. Það átti að tryggja félaginu þetta fjármagn með útflutningsgjaldi af sjávarafurðum með lagabreytingu sem enn er í meðförum Alþingis. Með þessu frv. er lagt til að þau lög falli úr gildi, eða iögin um útflutningsgjald, og þar sem búast má við því að samkomulag geti orðið um hjá þessum aðilum, þessum samtökum um sameiginlega hagsmuni, félagsmálastarfsemi og fleira, þá þykir rétt að hækka framlag til Landssambands smábátaeigenda úr 3% í 5% og taka það beinlínis fram í greininni að grásleppuveiðar heyri þar undir og taka þar með af allan vafa.“

Tekjustofn LS hefur verið tryggður með iögum um „Greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins“. Á þeim aldarfjórðungi sem félagið hefur starfað hefur það flest árin verið rekið með hagnaði. Við hvern aðalfund hefur verið skilað ársreikningi til sjávarútvegsráðuneytisins þar sem ítarlega er sundurgreint í hvað fjámunum hefur verið varið.

Frá 1988 hefur 10% af því fé sem komið hefur inn í gegnum 3. tl. 8. gr. greiðslumiðlunarlaganna verið greitt til svæðisfélaga LS sem nú eru alls 15. Þeir fjármunir hafa nægt til reksturs þeirra og í fæstum tilvikum er innheimt sérstakt árgjald.

Höfuðstöðvar LS eru að Hverfisgötu 105 í Reykjavík þar sem félagið rekur skrifstofu. Þar eru 3 starfsmenn í fullu starfi. Auk þess hefur verið aðkeypt vinna.

Stjórn LS er skipuð 16 aðilum sem eru fulltrúar svæðisfélaganna. Fundað er 4 - 5 sinnum á ári.

Aðalfundur LS er haldinn í október ár hvert. Í aðdraganda hans eru haldnir aðalfundir í svæðisfélögunum sem m.a. kjósa fulltrúa á aðalfund, alls 36 taisins. Auk þeirra hefur stjórn LS og framkvæmdastjóri fuil réttindi á aðalfundi. Aðalfundur LS er opin öllum félagsmönnum til málfrelsis og tillöguréttar. Mjög góð þátttaka hefur verið á aðalfundum félagsins.

Auk þess sem nefnt hefur verið hér að framan er starfssvið LS mjög víðfeðmt. Það helgast af því að verja hagsmuni smábátaeigenda og sækja fram á við með réttindi þeirra. Við það starf er samstarf við Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (SLR) mjög mikið svo og við Alþingi.

Stefna félagsins hverju sinni er mörkuð með samþykktum sem gerðar eru á aðalfundum félagsins.

2010: http://www.smabatar.is/Samþykktir_26_aðalf.pdf

2009: sjá samþykktir í viðhengi

2008: http://www.smabatar.is/24.aðalfundur_2008_samþykktir.pdf

Grásleppa

Stór þáttur í starfi LS er upplýsingasöfnun og miðlun þeirra.

Frá upphafi hefur félagið haldið utan um grásleppuveiðar og verið í forystu fyrir árlegum alþjóðlegum upplýsingafundi um veiðarnar og markaðsmál á grásleppukavíar. Fundina sækja aðilar frá öllum löndum sem tengjast grásleppuveiðum, framleiðslu á kavíar og markaðsmálum honum tengdum. Á síðasta fundi sem haldinn var í London voru þátttakendur 30. Þann fund sat einnig fulltrúi frá Hafrannsóknastofnuninni sem fræddi fundarmenn um rannsóknir- og útbreiðslu á grásleppu, merkingar á henni o.fl. tengt henni.

Fullyrða má að þetta utanumhald hefur skilað meiri stöðugleika á veiðum og mörkuðum. Ávinningurinn hefur þannig aukið aflaverðmæti og hækkað verð á mörkuðum. Útflutningsverðmæti saltaðra grásleppuhrogna og kavíars á síðasta ári nam tæpum fjórum milljörðum, þar af aflaverðmæti 2,2 milljarðar.

Félagið hefur verið í forystu með rannsóknir á grásleppuhrognum og nýtingu grásleppu án hrogna. Einnig hefur félagið komið að nýtingu á rauðmagalifur. Árangur er handan við hornið í sölu á grásleppu til Kína. Á þessu ári hafa verið seld 150 tonn af frystri grásleppu og í ár stefnir í að magnið fimmfaldist. Á vertíðinni 2012 verður skylt að að koma með grásleppuna að landi og er gott gengi markaðsstarfsins því afar mikilvægt. Samstarfsaðilar á þessum sviðum hafa verið opinberar rannsóknastofnanir og markaðsfyrirtæki.

Árlega er leitað til LS frá Hagstofu Íslands og Hafrannsóknastofnuninni um heildarveiði á grásleppu. Við útgáfu reglugerðar um hrognkeisaveiðar hefur SLR samstarf við LS sem miðlar skoðunum grásleppuveiðimanna um einstök atriði hennar.

Bolfiskveiðar

Þorskur, ýsa, steinbítur og ufsi eru helstu tegundir sem veiddar eru af smábátum. Undanfarin fiskveiðiár hafa smábátar veitt fimmtung alls þorskafllans, fjórðung ýsunnar og 40% steinbítisafllans. Heildaraflaverðmæti smábáta á fiskveiðiárinu 2009/2010 losaði 19 milljarða.

Fáum blandast hugur um að veiðar smábáta skapa minni hættu á ofnýtingu fiskistofna en veiðar stærrí skipa sem nota stórvirk veiðarfæri. Þá hefur í gegnum veiðar smábáta orðið til gríðarlega öflugur markaður með dagróðrafisk. Smábátar selja að langmestum hluta aflann á fiskmörkuðum, sem kaupendur vinna samdægurs og selja á erlenda markaði.

Við upphaf kvótakerfisins, og lengst af, var það krafa stjórnvalda að takmarka mjög afla smábáta og þar með hlutdeild þeirra í heildarafla. Málflutningur LS hratt þessum sjónarmiðum og smábátar urðu raunstærð í fiskiskipafloata landsins. Fáum blandast hugur um að það hefur skilað þjóðarþúinu milljörðum í auknu útflutningsverðmæti, verið vörður hinna dreifðu byggða og gert ímynd Íslands, sem sjávarútvegspjóðar, á alþjóðavettvangi betri.

Línuviltun er hugtak sem kennt er við landssambandið. Hún er gott dæmi um viðurkenningu stjórnvalda á kröfum LS. Auk þess sem hún eykur vægi vistvænna veiða og framboð á úrvals fiski, er hún atvinnuskapandi í landi. Lagaákvæðið hefur vakið mikla athygli á alþjóðavettvangi sem segir það einsdæmi að stjórnvöld skuli „verðlauna“ sérstaklega fyrir það að stunda umhverfisvænar veiðar.

Strandveiðar

Nýtt veiðikerfi - strandveiðar - urðu að lögum í maí 2010. Strax og hugmyndir komu fram um veiðikerfið lýsti LS stuðningi við strandveiðar. Það var í anda samþykktta félagsins um frjálsar handfæraveiðar og hvatti LS stjórnvöld á öllum stigum að lögfesta strandveiðar.

Strandveiðikerfið hefur styrkt stjórnkerfi fiskveiða með því að slá á ósætti gagnrýnenda þess. Strandveiðikerfið heimilar hverjum sem er að róa til fiskjar og selja aflann án þess að þurfa að greiða fyrir veiðiheimildir til þeirra sem eru háðir króka- eða aflamarki. Þannig svarar strandveiðikerfið kröfum fjölmargra, óánægjuröddum fækkar, auk þess að koma til móts við athugasemdir Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 14. desember 2007.

„Mikilvægi góðrar meðhöndlunar á fiski“

Frá stofnun LS hefur félagið beitt sér fyrir gildi góðrar meðhöndlunar á fiski. Í samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og síðar MATÍS hafa verið gefnir út bæklingar og veggspjöld þar sem rekinn hefur verið áróður fyrir gildi góðrar aflameðferðar. Þó nú sé liðinn aldarfjórðungur frá stofnun LS hefur félagið ekkert slegið af í því að innprenta gildi þessa. Samstarf LS, SLR og MATÍS skilaði af sér bæklingi sl. sumar sem ber nafnið „Mikilvægi góðrar meðhöndlunar á fiski“. Bæklingnum hefur verið fylgt eftir með námskeiðahaldi á þessu ári. Í viðræðum við fiskkaupendur og starfsmenn fiskmarkaða hefur komið fram að það heyri nú til hreinnar undantekningar að smábátaeigendur vandi ekki alla aflameðferð. Þeir geri sér grein fyrir því að þeirra fiskur fer í hæsta gæðaflokk þar sem kröfuhörðustu neytendurnir eru.

Réttinda- og öryggismál

Allt of algengt var hér áður fyrr að smábátaeigendur færu á sjó án þess að hafa til þess gild réttindi og eins og áður er fram komið án þess að vera slysa- og líftryggðir og með bátinn að fullu tryggðan.

LS markaði sér strax hvatningarorð til að ráða þarna bót á. Þau voru, eins og áður er fram komið: Að enginn skyldi á sjó fara nema hafa til þess full réttindi, áhöfnin að fullu tryggð og báturinn með athugasemdalaust haffærisskírteini.

Í dag heyrir það sögunni til að smábátaeigendur bregði út af þessu.

LS hefur einnig látið til sín taka varðandi búnað og eftirlit á bátum félagsmanna. Stórt framfaraspor var stigið í maí 2000, þegar allir bátar voru skyldaðir til að hafa STK (Sjálfvirkt tilkynningakerfi) um borð, tæki sem á 15 mínútna fresti sendir sjálfvirk boð til stjórnstöðvar í landi um ferðir viðkomandi báts. Berist ekki sending er strax brugðist við hjá Vaktstöð siglinga. Nú hefur ný tækni leyst STK að hólmi, AIS, sem auk þess að segja til um staðsetningu, gefur upplýsingar til viðkomandi um skip í grennd.

Samstarf við stjórnvöld

Frá stofnun LS hafa ávallt verið mikil samskipti við stjórnvöld. Vegna eðli málsins hefur samstarf við SLR verið ráðandi, en önnur ráðuneyti hafa einnig komið við sögu. Það sem af er þessu ári er til að taka nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins um væntanlega aðkomu að Evrópusambandinu. Félagsmálaráðuneytið, með setu í stjórn Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Samgöngu- og

sveitastjórnarráðuneytið með setu í Siglingaráði og Verkefnisstjórn um bætt öryggi sjómanna.

Það sem heyrir beint til SLR er seta LS í Starfshópi um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem lauk störfum í september sl, umræðuhópur um makrílveiðar, seta í Samráðsvettvangi um nýtingu nytjafiska, seta í stjórn Verðlagsstofu skiptaverðs, auk óteljandi tenginga við málefni er lúta að stjórn fiskveiða.

Auk þessa óska fastanefndir Alþingis reglulega eftir athugasemdum LS við fjölmörg þingmál.

Samsöfnun

Það er mat undirritaðs f.h. Landssambands smábátaeigenda að félagið hafi með starfi sínu lagt gríðarlega mikið að mörkum til aukinna verðmæta og hagsældar fyrir þjóðfélagið.

Þegar til alls þessa er litið hefur það verið mikill ávinningur fyrir stjórnvöld að Landssamband smábátaeigenda hafi verið á vettvangi sjávarútvegsmála sl. 25 ár og ekkert sem bendir til að það sé til hagsbóta fyrir þau að félagið hverfi þaðan.

Stjórnvöld hafa ekki borið kostnað af starfi LS, þar með töldu vísindastarfi félagsmanna við skráningu upplýsinga sem sendar eru til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Þrátt fyrir dóm Hæstaréttar 16. október sl. og stofnun tveggja félaga við hlið LS sjást þess lítil merki að félagsmenn séu að yfirgefa félagið. Það sýnir sig best á því að útgerðir 47 báta af um 1000 hafa sagt sig úr LS.

Staðan

Með frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar liggur fyrir að breytingar verða gerðar á lögum um greiðslumiðlun sjávarútvegsins. Starfshópur sem forsætisráðherra skipaði 23. febrúar 2005 segir þrjár leiðir mögulegar til úrbóta:

- a) Afnáam greiðsluskyldu
- b) Nánari útfærsla á lögum á því hvernig gjaldi skuli varið
- c) Opnað fyrir möguleika að víkja sér undan greiðslu

LS telur að leið c) geti verið ásættanleg og leggur til útfærslu með sama hætti og nú er, það er að félagsgjald yrði innheimt gegnum greiðslumiðlun. Aftur á móti væri opnað fyrir þann möguleika að þeir sem greiða gjaldið í dag gætu sagt sig frá því um hver fiskveiðiráramót og greitt til annarra viðurkenndra félaga á sama sviði.

Virðingarfyllst,


Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2011
Mál nr. 1101001

Efni: Umsögn, skiptaverðmæti og greiðslumiðlun, mál 741.




Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögnum Samtaka atvinnulífsins, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, VM-Félags vélstjóra og málmtæknimanna og Landssambands íslenskra útvegsmanna, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.



Samtökin hafa áður sent sameiginlega umsögn til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins þann 26. janúar 2011. Frumvarpsdrögin hafa tekið breytingum til aukins ójöfnuðar, en grundvöllur þess er óbreyttur. Búið er að opna á að öll hagsmunafélög smábátaeigenda geti nýtt sér umrædda lagaheimild í stað aðeins Landssambands smábátaeigenda. Það er því skoðun okkar að hér sé aðeins verið að opna á sérmeðferð fyrir smábátaeigendur. Frumvarpið felur engar réttarbætur í sér, heldur er einungis verið að fella niður greiðslumiðlunarhluta laganna og að tryggja áfram lögbundið innheimtuhagræði af hálfu ríkisins til Landsambands smábátaeigenda.

Afstaða undirritaðra samtaka hefur lengi verið kunn, en hún er að fella eigi ákvæði laganna um greiðslumiðlun úr gildi, enda hafa verið sett lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, slysa – og líftryggingar skipverja eru tryggðar í siglingalögum, sem og að aðilar hafa samið um þessi mál með kjarasamningum sín á milli, en ekkert mat er lagt á þá staðreynd að Landssamband smábátaeigenda eða önnur félög smábátaeigenda hafa enga kjarasamninga gert við sína sjómenn. Þannig er engin tilraun er gerð til þess að nálgast samtök sjómanna í frumvarpinu sem eiga aðild að greiðslumiðluninni, heldur beinlínis sagt að: „ekki þyki rétt að mæla fyrir um greiðslumiðlun í þágu launþega“.

Breytingin á innheimtuhagræðinu felst í því að hún verður valkvæð. Með því móti sé komið til móts við réttarvernd stjórnarskrárinnar. Það eru því engar lögmætar ástæður fyrir því að hafna því að önnur félög í sjávarútvegi eigi ekki að geta notið þessa hagræðis, eins og smábátaeigendur, velji menn það á annað borð.

Það er óeðlilegt að smábátaeigendur njóti einir ríkisaðstoðar með því að ríkisstofnanir tryggja innheimtu gjalda skv. gjaldskrá félagsins í lögum. Það er kaldhæðnislegt að samtökin sem málið beindist gegn skuli ein njóta sérstaks hægræðis með innheimtu félagsgjaldsins, en engin lögmæt rök hniga til þess. Farið er því þess á leit að umrædd 2. gr. frumvarpsins verði felld út.


SA

SSI

VM


LIÚ

FFSÍ

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2683
komudagur 23.S. 2011



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og iandbúnaðarnefnd
b/t Benedikts S. Benediktssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2011.

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins (741. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér niðurfellingu greiðslumiðlunargjalds og upptöku framlags til hagsmunasamtaka útgerðarmanna.

Viðskiptaráð Íslands fagnar að hluta þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér en hefði þó viljað að gengið væri lengra. Ofangreint frumvarp felur í sér þær breytingar að núverandi greiðslumiðun verður aflögð, en gjaldi vegna þessa hefur verið skipt á milli lífeyrissjóðs sjómanna, til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu og til Landssambands smábátæigenda (LS). Frumvarpið mælir hins vegar einnig fyrir um innheimtu félagsgjalds til hagsmunasamtaka smábátæigenda. Eftir breytingar yrði því framleiðendum sjávarafurða og öðrum fiskkaupendum skylt að greiða 0,5% hlutfall af samanlögðu verðmæti afla af bátum undir vissri stærða, sem þess óska, inn á reikning LS eða sambærilegra félaga.

Sú breyting sem er gerð á lögnum með ofangreindu frumvarpi er því aðeins í raun sú að fellt er niður hluti gjaldsins er snéri að lífeyrisgreiðsium og iðgjaldi af slysa- og örorkutryggingum, en sá hluti sem hefur verið félagsgjald til LS heldur gildi sínu í breytttri mynd. Forsögu þessa máls má rekja til málshöfðunar vegna þess, sem nánar er fjallað um í greinargerð með frumvarpinu, þó lengi hafi þetta fyrirkomulag verið gagnrýnt t.d. af bæði LÍÚ og stéttarfélögum. Með ofangreindu frumvarpi er því ekki um grundvallarbreytingu á fyrra kerfi að ræða heldur er aðeins verið að breyta forminu og gjaldið gert valkvætt.


Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að LS hafi lagt áherslu á í vinnu frumvarpsins að samhliða afnámi greiðslumiðlunar yrði tryggður starfsgrundvöllur sambandsins og þar með félagsgreiðslur til þeirra. Einnig hefur LS ályktað á fundum sínum að greiðslumiðlun verði aflögð í sinni mynd þannig að hluti gjaldsins vegna lífeyrissjóðs og trygginga verði afnuminn en sá hluti er snýr að félagsgjaldi til sambandsins haldi gildi sínu. Í sjálfu sér er mikilvægi LS ekki dregið í efa né þeirra verk, hins vegar verður að gagnrýna harðlega það að innheimta félagsgjalda fyrir sambandið sé framkvæmt með þeim hætti sem hefur verið og hér er mælt fyrir um.

Ekki fer mikið fyrir rökfærslu fyrir ríkisinnheimtu félagsgjalda hagsmunasamtaka í greinargerð með frumvarpinu en í almennum athugasemdum um 2. Gr. frumvarpsins kemur þó eftirfarandi fram: *Réttlætting þessa [innheimta framlags til LS] er það mikilsverða starfs sem Landssamband smábátæigenda hefur unnið á síðustu árum. Ef þessi rök ættu að halda þá væri réttlætlanlegt fyrir ansi mörg hagsmunasamtök að fara fram á álíka innheimtu félagsgjalda og hér er mælt fyrir um. Varla*

geta það talist fullnægjandi rök fyrir innheimtu gjaldanna að félagið hafi skilað góðu starfi, krefjast verður betri rökfærslu annars fara fram á að LS innheimti sín félagsgjöld sjálf eins og önnur hagsmunasamtök.

Viðskiptaráð leggur til að 1. gr. frumvarpsins nái fram að ganga en að 2. gr. þess verði felld niður og aðrar greinar þess breytist því til samræmis.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands